

## VI. KAFLI

**Gildistaka.**

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af 2. gr. íþróttalaga nr. 49/1956 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 26. apríl 1991.*

**Svavar Gestsson.**

*Árni Gunnarsson.*

**AUGLÝSING****um liti íslenska fánans.**

Litir þjóðfána Íslendinga ákvarðast sem hér segir:

Litirnir miðast við SCOTDIC-litastigann (Standard Colour of Textile, – Dictionnaire Internationale de la Couleur) þannig:

Heiðblái liturinn: SCOTDIC nr. 693009.

Mjallhvíti liturinn SCOTDIC nr. 95.

Eldrauði liturinn SCOTDIC ICELAND FLAG RED.

Nánari upplýsingar um fánalitina veitir forsætisráðuneytið og erlendis sendiráð Íslands. Fáninn í réttum litum og hlutföllum skal vera til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands og hjá lögreglustjórum landsins.

Ákvæði þessi eru sett samkvæmt 13. sbr. 9. gr. laga nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

*Forsætisráðuneytið, 23. janúar 1991.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*